

skuli einvörðungu afhendast viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni og er kvittun umboðsmanns ekki tekin gild. Ábyrgðarsendingar skulu að vali sendanda afhendast skráðum viðtakanda eða umboðsmanni hans eða á heimili eða í afgreiðslu á vinnustað sbr. 9. gr. Böggjar afhendist skráðum viðtakanda en náist ekki til hans við afhendingu er heimilt að afhenda þá á heimili eða afgreiðslu á vinnustað. Takist afhending sendinga samkvæmt þessari málsgrein samt sem áður ekki skal viðtakanda tilkynnt með skriflegum hætti hvar hann eða umboðsmaður hans geti nálgast sendinguna.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 142/1996 um póstpjónustu, sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 72/1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgar í Grímsnesi 1989-2009, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgar í Grímsnesi 1989-2009 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar 7 landnotkunarbreytingar innan þéttbýlisins að Borg:

- Lóð fyrir norðan félagsheimilið Borg verður verslunarlóð, var áður svæði fyrir opinberar stofnanir.
- Opíð svæði, ætlað til sérstakra nota, norðan við barnaheimili breytist í íbúðir.
- Lóð við þjóðveg ætluð undir opinberar stofnanir verður verslunarlóð.
- Lóð austan við barnaheimili ætluð undir íbúðir aldraðra verður íbúðarhúsaloð.
- Nyrsti hluti iðnaðarsvæðis verður ætlaður undir íbúðarbyggð, vegna nálægðar við þá byggð sem fyrir er og hagkvæmari vega- og lagnagerðar.
- Lega vega við félagsheimili og fyrirhugaða sundlaug breytist. Lóð félagsheimilis og sundlaugar minnkar og opin svæði, sérstök afnot og opin svæði, óbyggð stækka.
- Austasti afleggjarinn inn á iðnaðarsvæði fellur út og opin svæði, sérstök afnot breikka. Vegur sem liggur norður-suður á iðnaðarsvæði fellur út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.